

374. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 3. júní 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason
Davíð Sveinsson,
Óli Jón Gunnarsson, bærarstjóri
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og fól síðan bærarstjóra fundarstjórn.

1. Viðræður við umsækjendur um starf byggingarfulltrúa sbr. síðasta bærarstjórnarfund.
Til viðræðna komu tveir umsækjendur, Páll Björgvinsson, arkitekt og Bjarnfríður Vilhjálmsson, arkitekt. Bæjarráð vísar þessum umsóknum til lokaafgreislu í bærarstjórn.
2. Fundargerðir nefnda.
 - 2.1. Fræðslunefnd, dags. 26.5.2004.
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 2.6.2004.
Fundargerð lögð fram.
Liðir 1, 3, 4, 5, 6.1, 6.2, 6.4, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8, 6.9, 6.10, 6.11, 6.12, 6.13, 6.14, 6.15, 6.17, samþykktir. Varðandi lið 6.4. veitir bæjarráð tímabundið stöðuleyfi þar til önnur úrræðið verða fundin með geymslusvæði þar sem ætlun bærarstjórnar er að færa þetta geymslusvæði til.
Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.
3. Aðrar fundargerðir.
 - 3.1.16. fundur samstarfsnefndar LN og Kjarna, dags. 19.5.2004.
Fundargerð framlögð.
4. Reglur og gjaldskrá um slátt og hirðingu lóða.
Bæjarráð samþykkir reglur um slátt og hirðingu lóða. Bæjarráð leggur til að þetta sumar verði síðasta sumarið sem aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar njóti þessarar þjónustu og að gjaldskráin verði endurskoðuð fyrir næsta sumar.
5. Lóðarumsóknir.
 - 5.1. Berglín ehf. sækir um athafna-/iðnaðarsvæði.
Bæjarráð samþykkir að bærarstjóri og formaður skipulags- og byggingarnefndar ræði við umsækjanda um málið.
 - 5.2. Eggert Halldórsson sækir um lóð við Hjallatanga 48, fyrir einbýlishús.
 - 5.3. Kristinn Ó. Jónsson sækir um lóð við Hjallatanga 22, fyrir einbýlishús.
Samþykkt að auglýsa næsta áfanga við Hjallatanga sem telur 8 lóðir, til umsóknar.
 - 5.4. Skipavík hf. sækir um reiti N og M skv. miðbæjarskipulagi.
Samþykkt að úthluta reitunum með fyrirvara um bílastæðamál.
6. Erindi Lýðheilsustöðvar, dags. 5.5.2004, varðandi matarræði og aukna hreyfingu barna.
Erindi Lýðheilsustöðvar lagt fram.

7. Erindi Leiðarljóss ehf., dags. 31.5.2004, varðandi Green Globe 21 verkefnið.
Erindi Leiðarljóss ehf. lagt fram.
8. Skipulagsmál við Laufásveg.
Bæjarráð beinir því til skipulags- og byggingarnefndar að breyta reit B við Laufásveg úr verslunar- og þjónustulóð í raðhúsalóð.
9. Norrænt þing sveitarstjórnarmanna í Reykjavík 12.-15. júní.
Samþykkt að taka á móti 8 fulltrúum frá Kolding sunnudaginn 13. júní.
10. Slitlagsframkvæmdir.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi samnings um framkvæmdir.
11. Húsaleigusamningur vegna líkamsræktarstöðvar.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.
12. Bæjarstjórnarfundur verður miðvikudaginn 16. júní nk.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.50.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.